



Hjallastefnan

Stjórnarfundur Hjallastefnunnar og dótturfélaga

Fundargerð 3. nóvember 2021 (14. fundur)

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 3. nóvember 2021. Mætt: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodorsdóttir, Matthías Matthíasson, Guðmundur Kristjánsson og Bóas Hallgrímsson.

Bóas Hallgrímsson ritaði fundargerð

1. **Fundargerð** fundar frá 20. október samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra** kynnt.
3. **Framtíðarsýn Hjallastefnunnar.** Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um gang mála í og lýsti vinnu og vegferð vinnuhópsins. Líflugar umræður fylgdu í kjölfarið.
4. **Ársreikningur og aðalfundur.** Samþykkt að framkvæmdastjóri leggi fram tillögu að dags- og tímasetningu, sem stjórn getur samþykkt rafrænt. Verkefni aðalfundar verða á dagskrá næsta fundar stjórnar.
5. **Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð skólastarfs í Öskjuhlíð.** Helga upplýsti stjórn um stöðu viðræðna. Engar ákvarðanir liggja fyrir en nefndin heldur áfram að eiga vikulega fundi og ræða tiltæka kosti. Stjórn gerð grein fyrir minnisblaði Reykjavíkurborgar sem kynnt var á fundi viðræðunefndarinnar 2. nóvember Greinargerð Kristins J. Gíslasonar verkfræðings um ástand húsanna var til umræðu. Verðmat á húsakosti Hjallastefnunnar, sem kynnt var, er byggt á afskriftarlíkani Reykjavíkurborgar og var kostnaður við flutning skólahúsanna metinn hærrí en svo að flutningur svaraði kostnaði. Sérstaklega var vísað til þess að mygla hefði fundist í byggingunum og hefði það neikvæð áhrif á orðspor húsanna.
6. **Önnur mál.** Bóas og Matthías greindu frá samtölum sínum milli um leiðir til að styrkja starfsfólk sem finnur til kulnunar og þreytu í starfi eftir óvenjulega erfitt tímabil þar sem farsóttin hefur sett mark sitt á skólastarf. Í líflögum umræðum voru ræddar hugmyndir um viðbrögð innan Hjalalstefnunnar. T.d. var rætt að formgera handleiðslu fyrir stjórnendur og að hafa virka stuðningslínu. Þar gætu stjórnendur haft samband og



Hjallastefnan

rætt mál við vanar og reynslumiklar manneskjur og fengið
tækifæri til að spjalla, spegla og „blása“.

Fundi slitið klukkan 17:03

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is